

102.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Haldinn 19.september 2017 í Glerárskóla kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Auður Ólafsdóttir og Eiríkur Aðalsteinsson.

Fjarverandi eru Páll Árdal, Elvar Birgisson og Einar Gauti Helgason.

1. Vetrarstarfið

Allir boðnir velkomnir og farið yfir hvað er á döfinni hjá nefndinni í vetur. Fyrir liggur að koma tveimur körfuboltaspjöldum sem búið er að kaupa, til Glerárskóla. Það er verkefni sem Elfar sér um. Skiltið vegna grillaðstöðunnar er ekki tilbúið og setjum við það verkefni aftur í gang. Eiríkur sér um það verkefni. Ekkert þak er komið á grillið eins og koma átti yfir sumartímann. Búið var að hafa samband við Jón Birgi hjá framkvæmdamiðstöðinni og biðja um það en... ekkert gerðist. Við vonum að það gerist þó fyrir áramótin. Munum senda framkvæmdadeildinni, Jóni, tölvupóst og biðja um það. Berglind tekur það að sér.

2. Bréf til framkvæmdadeildar þann 11.juli 2017

Formaður hverfisnefndar sendi inn bréf og myndir með tölvupóst til framkvæmdardeildar þann 11.juli sl. Þar sem grisjun trjáa og gerð gangbrautar var gert að málefni. Ekkert svar hefur borist nefndinni til baka og engin viðbrögð hafa komið.

3. Deiluskipulag Íþróttasvæði Þórs

Nefndin hefur verið að skoða deiluskipulagsbreytingar og tillögur að breytingum á aðalskipulagi og hefur við það ýmislegt að athuga. Næsti fundur 3.október mun fara í að setja saman bréf til skipulagsdeildar með öllum okkar ábendingum. Einnig hefur nefndin hvatt íbúa hverfisins, á facebook síðu sinni, að kynna sér málefnið og láta í sér heyra.

4. Gámaþjónustan og endurvinnslan við Bónus, Langholti.

Oft hefur borið á því í sumar að rusl hefur verið of mikið til að endurvinnslugámar hafi getað tekið á móti ruslinu og því hefur fólk sett það við hliðina á gámunum. Getur Akureyrarbær ítrekað það við þann aðila sem tekur ruslið að fjölga ferðum sínum yfir há-sumarið á þennan stað?

5. Athugasemd varðandi Höfðahlíð/skarðshlíð

Svo virðist sem einhvers konar kerru hafi verið plantað á gangstéttina við Höfðahlíð og stendur hún út í götuna, bifreiðum sem koma frá Skarðshlíð og beygja inn í Höfðahlíðina, til mikillar ama. Helst myndum við vilja að hún yrði fjarlægð. Er þetta verkefni fyrir Akureyrarbæ? Í framhaldi af kerrunni, er bíl með kerru lagt meðfram sömu gangstétt. Þetta verður til þess að bifreið sem kemur frá Skarðshlíð, beygir inn í Höfðahlíð, sér ekki komandi ökutæki út úr Áshlíð. Þetta getur valdið ökuslysi. Einnig er ekki hægt að ganga á gangstéttinni á þessum parti.

6. Krossanesbraut

Nefndarmenn í hverfisnefndinni urðu þess varir í sumar að mælingar vegna hljóðmengunar og fleira stóð yfir við Krossanesbrautina. Þessar mælingar liggja nú frammi hjá Akureyrarbæ og höfum við upplýsingar um að frá kl.12:00 miðvikudaginn 21.juni 2017, í einn sólarhring, var umferðin um Krossanesbrautina um 4700 bílar. Þar af 500 stórir bílar sem eru bílar frá 6-20m á lengd. Hávaðinn var um 65 dB allan daginn. Viðmiðunarmörk teljum við vera um 55 dB. Er

viðunandi að hafa slíka umferðargötu við Einholtið? Hvernig ætlar Akureyrarbær að bregðast við þessum upplýsingum ?

7. Ósk um Opinn íbúafund

Tölvupóstur barst frá Soffíu Vagnsdóttur, sviðsstjóra fræðsluviðs Akureyrarbæjar og óskaði hún eftir samvinnu um opinn íbúafund vegna Glerárskólareitsins. Nefndin bauð Soffíu á næsta hverfisnefndarfund til að ræða málið.

Ekki fleira rætt. Næsti fundur þriðjudaginn 3.október kl.18:00 Glerárskóla

Ritari: Berglind Rafnsdóttir